

Alþingi - Nefndarsvið
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 2. desember 2022

Varðar: Mál nr. 415- upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Samorka fagnar hugmyndum og löggjöf sem miðar af því að efla sjálfbærni á öllum sviðum samfélagsins þ.m.t. fjármálaþjónustu. Með því að koma á fót samræmdum ramma sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum er verið að einfalda til muna möguleika fyrirtækja til að gera grein fyrir sjálfbærniþáttum í starfsemi sinni og tryggja samræmda upplýsingagjöf.

Íslensk orku- og veitufyrirtæki hafa um langa hríð verið leiðandi í umhverfisáherslum sínum og stigið stór skref á sviði grænnar fjármögnunar s.s. með útgáfu grænna skuldabréfa. Samræmt flokkunarkerfi er til þess fallið að auka gagnsæi og skerpa á ákvarðanatöku sem tekur mið af sjálfbærniáherslum. Þá er það von Samorku að löggjöfin muni vinna gegn grænpvotti og efla veg sjálfbærrar grænnar orkuframleiðslu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Með því að gera skýran greinarmun á fjárfestingum sem eru í þágu þeirra sex grundvallarmarkmiða sem sett eru fram í reglugerðinni og þeirra sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar um sjálfbærar fjárfestingar, aukast líkur á því að fjármagn streymi til verkefna sem uppfylla skilyrðin og þar með líkur á því að Ísland nái þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið í loftslagsmálum og orkuskiptum.

Vísað er til fyrri umsagnar Samorku um þetta mál, dags. 8. apríl 2022, er það var til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda.

Afar mikilvægt er að vanda vel til verka og gefa hæfilegan aðlögunartíma frá gildistöku laganna svo fyrirtæki gæti kynnt og tileinkað sér hinar nýju kröfur sem felast í frumvarpinu. Um er að ræða kröfur sem eru íþyngjandi og flóknar. Viðbúið að tíma taki að tileinka sér þær og fella inn í rekstur og skýrslugjöf fyrirtækja. Því má telja líklegt að sá tími sem áformaður er fram að gildistöku laganna sé of skammur. Vísast til athugasemda annarra aðila í þessu sambandi.

Í fyrri umsögn Samorku voru athugasemdir gerðar við háar hámarkssektarfjárhæðir í frumvarpinu. Í greinargerð með frumvarpinu nú er réttilega bent á að sektarálagningu beri að beita að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar. Engu að síður eru fjárhæðarmörk afar há og verði frumvarpið óbreytt að lögum verður stjórnvöldum eftirlátið mat um beitingu þeirra í stað þess að skýrt verði í lögum kveðið á um lægri fjárhæðir eða aðlögunartíma á meðan nýtilkomnar kröfur og túlkun þeirra ná almennri útbreiðslu.

Að endingu vísar Samorka til umsagnar Landsvirkjunar um málið og eftir atvikum til annarra aðildarfélaga um málið.

Virðingarfyllt,

f.h. Samorku

